

90

25. nóv.

25. gr.
Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna eða fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- eða vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

26. gr.

27. gr.

Innflutningsgjöld þau, sem um ræðir í lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., og lögum um breytingu á þeim lögum, skulu halda gildi sínu. Þá halda gildi sínu gjöld samkvæmt reglugerðarákvæðum, settum með heimild í niðurlagi 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

91

25. nóv.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1955 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breytingu á þeim lögum.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af goddrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.